

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunina Kínó, nr. 516 28. september 1995.

1. gr.

3. tl. 5. gr. orðist svo:

5.3 Vinningsfjárhæðin ræðst af fjölda réttra talna samkvæmt útdrætti og þeirri fjárhæð sem greidd er fyrir þátttöku samkvæmt eftirfarandi töflu:

Fjöldi talna sem þátttakandi velur (frá einni upp í sex)	Réttar tölur þátttakanda samkvæmt útdrætti	Vinningsfjárhæðir á leik
6	6 5 4 0	10.000 sinnum spilafjárhæð 100 sinnum spilafjárhæð 2 sinnum spilafjárhæð Róðin endurgreidd
5	5 4 3	1.000 sinnum spilafjárhæð 20 sinnum spilafjárhæð 2 sinnum spilafjárhæð
4	4 3 2	90 sinnum spilafjárhæð 3 sinnum spilafjárhæð Róðin endurgreidd
3	3 2	20 sinnum spilafjárhæð 2 sinnum spilafjárhæð
2	2	8 sinnum spilafjárhæð
1	1	1,7 sinnum spilafjárhæð

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. desember 1995.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

5. desember 1995

Nr. 635

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Ytri-Torfustaðahreppi.

Hundahald.

1. gr.

Hundahald er bannað í þéttbýli í Ytri-Torfustaðahreppi.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita lögráða einstaklingum (18 ára eða eldri), sem búa í hreppnum, undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang tiltekins einstaklings og er óheimilt að framselja það.

- b) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í parhúsi eða raðhúsi skal fylgja umsókn skriflegt samþykki eigenda aðliggjandi íbúða.
- c) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til sveitarsjóðs árlega eftir gjaldskrá, sem hreppsnefnd ákveður og staðfest er af umhverfisráðherra. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hunds, og síðan árlega fyrirfram 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- d) Hver hundur, sem veitt er leyfi fyrir skal þegar ábyrgðartryggður og skal sveitarstjórn annast þá tryggingu. Tryggingin skal ná til alls þess tjóns, sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum og munum.
- e) Hundar skulu færðir til hreinsunar í október-nóvember ár hvert.
- f) Hundurinn skal ávallt bera um hálsinn ól með plötu á. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hunds, nafn eiganda og símanúmer.
- g) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa innan marka þéttbýlis nema minkahunda, dýrhunda og sporhunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eigenda eða umráðamanna. Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utan húss nema á opnum svæðum fjarri alfaraleið og þéttbýli. Leyfishafi skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna. Hundeiganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
- h) Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli eða aðra eftirfarandi staði:
 - 1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra og brunna.
 - 2. Almennings- og útisalerni.
 - 3. Hverskonar sorpgeymslur og sorpförgunarstaði.
 - 4. Gististaði, veitingastaði og matsölustaði.
 - 5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila.
 - 6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
 - 7. Skóla, kennslustaði, barnaheimili og gæsluvelli.
 - 8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hverskonar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
 - 9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaði.
 - 10. Fangageymslur og aðrar vistaverur handtekinna manna.
 - 11. Samkomuhús hverskonar og almennar skrifstofur.
 - 12. Kirkjugarða, líkhús og líkgeymslur.
 - 13. Almenn samgöngutæki.
- i) Ákvæði stafliðs h) gildir ekki fyrir hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa, né leiðsöguhunda blindra og sjónskertra.
- j) Ábúendum lögbýla sem eru innan marka sveitarfélagsins er heimilt að halda þarfa-hunda án þess að leyfisgjald komi fyrir, enda gilda sömu reglur um þá hunda innan þéttbýlis og aðra hunda. Kostnað vegna hundahreinsunar og þess háttar greiðir eigandi.
- k) Óheimilt er að láta hund sem er eldri en 3ja mánaða dvelja lengur í þéttbýli en einn mánuð, án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda hreppsnefnd, sem gefur út eða synjar umbeðnu leyfi.

Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá hreppsnefnd. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegundarafbrigði, lit og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa.

Árlega skal senda sýslumanni skrá um leyfða hunda. Leyfishafi fær afhenta merktu plötu, sbr. ákvæði stafliðs f) í 2. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Ytri-Torfustaðahreppi.

4. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað brot eða meiriháttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum sem um hundahald gilda, getur hreppsnefnd afturkallað leyfið. Skal leyfishafi þá afhenda hundinn til lögreglu til ráðstöfunar. Einnig getur hreppsnefnd afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún brýna þörf.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd eða aðilar á hennar vegum annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Ytri-Torfustaðahreppi og geta leitað aðstoðar lögregluþyrvalda þegar þörf krefur og ef um endurtekin brot á samþykkt þessari er að ræða.

6. gr.

Hunda sem ganga lausir utanhúss í þéttbýli skal handsama og færa í geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Tilkynna skal eigendum merktra hunda um töku þeirra. Ómerkta hunda skal reynt að bera kennsl á og tilkynna eiganda ef hann finnst. Kostnaður við töku, tilkynningu og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og er heimilt að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti er heimilt að lóga hundinum.

Kattahald.

7. gr.

Allir heimiliskettir skulu bera bjöllu og merkta hálsól, þar sem fram kemur nafn eiganda, heimili og símanúmer. Eigendum katta er skylt að gæta þess að kettir þeirra valdi ekki nágrönnum ónæði.

8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að takmarka eða banna kattahald í þéttbýli, ef til þess er talin brýn þörf að mati heilbrigðisnefndar, heilsugæslulæknis eða héraðsdýralæknis. Þannig getur hreppsnefnd t.d. takmarkað fjölda fullorðinna katta á heimili við ákveðna hámarkstölu, ef ástæða þykir til.

9. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að láta eyða ómerktum flækingsköttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu a.m.k. 7 sólarhringum áður en hún hefst.

Annað.

10. gr.

Með brot á samþykktum þessum skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytið, 5. desember 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.